

## FUNDARGERÐ HEILBRIGÐISNEFNDAR NORÐURLANDS VESTRA

Fundur í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra haldinn miðvikudaginn 25. júní 2025 kl. 12:00 á Sauðárkróki og í fjarfundi.

Fundinn sátu:

Arnar Þór Stefánsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Jón Kolbeinn Jónsson, Sigríður Ólafsdóttir, Guðný Helga Kristjánsdóttir og Sigríður Hjaltadóttir framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Starfsleyfi og skráningar.
2. Mál til kynningar.
3. Undanþágur frá 18. aldurstakmarki til að afgangið tóbak
3. Ígrundun stjórnsýsluákvörðunar
4. Önnur mál.

**Afgreiðslur.**

### 1. Starfsleyfi.

Starfsleyfi nr. 1951

Selasetur Íslands, kt. 700605-0190, vegna reksturs safns/sýning, minjagripir og upplýsingamiðstöðvar, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög um matvæli nr. 93/1995, að Strandgötu 1, 530 Hvammstangi. Ábyrgðamaður er Örvar B. Eiríksson.

*Samþykkt til 25.06.2037*

Starfsleyfi nr. 1952

Kjötafurðastöð KS, Gránúmum kt. 680169-5009 vegna framleiðslu á fódri og fódurhráefnum auk frystigeymslu fyrir matvæli, framleiðsla gæludýrafóðurs og söltun og geymsla á húðum og gærum, að Gránúmum, 550 Sauðárkrókur, sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Ábyrgðamaður er Sigurður Bjarni Rafnsson.

*Samþykkt til 25.06.2037*

Starfsleyfi nr. 1953

Melabraut 17 ehf. kt. 660614-1390 vegna reksturs kaffihúss í Hlöðunni 530 Hvammstangi sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ábyrgðamaður er Bjarni Hrafnsson.

*Samþykkt til 25.06.2037*

Starfsleyfi nr. 1954

Rebel sf. kt. 620285-0219 vegna reksturs rakarastofu og bars að Suðurgötu 10, 580 Siglufirði, sbr. lög um matvæli nr. 93/1995 og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ábyrgðamaður er Ólöf Kristín Daníelsdóttir.

*Samþykkt til 25.06.2037*

Starfsleyfi nr. 1955

Ferðapjónustan Mörk 291077-3909 vegna reksturs ferðapjónustu í gestahús á Mörk 531 Hvammstangi sbr. lög um matvæli nr. 93/1995 og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ábyrgðamaður er Sigurður Þór Ágústson.

*Samþykkt til 25.06.2037*

## **2. Mál til kynningar.**

### **A) Mál frá UOS.**

Nafni Umhverfisstofnunar breytt í Umhverfis- og Orkustofnun, UOS.

- a. Námskeið í sóttvörnum vegna húðrofs er auglýst 25. júní 2025 fyrir Íslenskumælandi Íslendinga og þann 8. júlí fyrir enskumælandi Íslendinga. Heilbrigðiseftirlitið áframsendi auglýsinguna til þeirra er málið varðar á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.
- b. [Umhverfisstofnun | Leiðbeiningar fyrir leiksvæði](#)

### **B) Mál frá Mast.**

a) Úttekt ESA í september 2025. Lögð verður áhersla á að skoða útiræktað grænmeti og ávexti (jarðaber ofl) og innflutning á slíkum vörum. Sjá slóð á spurningalista sem þarf að svara fyrir 15. ágúst n.k.

[f92bf898e02234e2844264c863a433447740082d7b39bd74170091669ca1.pdf](#)

b) Skýrslu frá úttekt ESA með opinberu eftirliti með fóðri, er kominn út.

c) Innköllun á pestó og ólífum, vegna vanmerkinga

d) Innköllun á litarefni fyrir kókuskreytingar, vegna vanmerkinga

e) Tilkynning um salmonellu á kúabúi.

f) Viðvörðun við tínslu kræklinga úr fjörum landsins.

g) Innköllun á ananas vegna aðskotaefna.

h) Innköllun á skinkusalati vegna ofnæmis- og óþolsvalda, rækja fannst í boxi.

i) Ofbeldi og hótun gegn eftirlitsmanni Mast.

j) Innköllun af Kraft test booster fæðubótarefni, því black pepper extract var yfir viðmiðunarmörkum.

k) Innköllun á hvítlaukspressu frá Ikea vegna framleiðslugalla, hætta er á að laust málmstykki komist í matvæli.

### **C) Skipulag:**

Umsagnir um: Landsnet hefur óskað eftir því að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2012 - 2022 vegna Blöndulínu 3, og er málið í umsagnarferli m.a. hjá

heilbrigðiseftirlitinu. Skipulagslýsingin var samþykkt í skipulags- og samgöngunefnd þann 3. júlí 2024 og staðfest í sveitarstjórn þann 13. ágúst 2024.

#### **D) Umsagnir til sýslumanns:**

Með umsókn dags. 16 júní sótti Friðrik Rúnar Friðriksson Laugarhvammur 561 Varmahlíð um tækifærisleyfi skv. 17. gr. laga nr. 85/2007 vegna Harmonikudansleikjar dagana 20 og 21 júní nk. Í Félagsheimilinu Árgarði.

Með umsókn dags. 13.06.2025 sótti Ragnheiður Guðmundsdóttir, Sunnukrika 3a 270 Mosfellsbæ f.h. Austari ehf. Kt.660310-0450, um tækifærisleyfi skv. 17. gr. laga nr. 85/2007 vegna straumvatnskayakkeppni sem fyrirhugað er að halda þann 28. júní nk. Staðsetning viðburðar er Hafgrímsstaðir, 551 Sauðárkrókur.

Með umsókn dags. 16 júní sótti Patrekur Óli Gústafsson Grundartúni 15 A, 530 Hvammstanga um tækifærisleyfi skv. 17. gr. laga nr. 85/2007 vegna útihátíðarinnar Eldur í Húnaþingi dagana 21 og 26 júlí nk.

Með umsókn dags. 7. apríl sl. sótti Stella Guðrún Ellertsdóttir, Sauðá 2, 531 Hvammstangi um gistileyfi leyfi skv. 17. gr. laga nr. 85/2007 á Sauðá fyrir 6 gesti.

Með umsókn dags 11. júní sótti Sigríður R. Gunnarsd Langdal, Heiðargerði 30, 108 Reykjavík, um tækifærisleyfi til að halda útihátíð í NA-sláturhúsinu v/Borðeyrarveg, á fótboltavellinum og gisting í félagsheimilinu (áður grunnskóli) á Borðeyri skv. 10 gr. laga nr. 85/2007 og reglugerð nr. 1277/2016 dagana 3. Júlí-6. júlí. 2025. Tímasetning hátíðar er frá kl. 18:00 þann 3. júlí til 16:00 þann 6. júlí 2025.

Með umsókn dags 18. júní sótti Bjarni Hrafnsson, Hlíðarás 24, 221 Hafnarfjörður, f.h. Melabraut 17 ehf., Suðurhrauni 4, 210 Garðabær, jákvæða umsögn vegna leyfi til að reka veitingahús í flokki II-E, Kaffihús. skv. 10 gr. laga nr. 85/2007 og reglugerð nr. 1277/2016, í Hlöðunni, Brekkugötu 2, 530 Hvammstanga.

Með umsókn dags. 20. júní sótti Lárus Björgvin Jónsson, Melabraut 19, 540, Blönduós fyrir hönd Blöndu ehf., um gistileyfi að Brautarhvammi 3, 540 Blönduós fyrir 4 gesti.

#### **E) Mál frá SHÍ;**

Niðurstöður stýrihóps um breytingar á starfsemi Heilbrigðiseftirlitsins voru send til ráðuneytisins og búið er að senda skýrsluna til ráðuneytanna.

Umsagnir til Alþingis vegna breytinga á skráningareglugerðinni.

#### **F) Mál frá HNV**

a) Framkvæmdastjóri HNV fékk það verkefni í samvinnu við framkvæmdastjóra HSL að vinna þjálfunaráætlun fyrir nýtt starfsfólk sem hægt er að kynna fyrir ESA

b) HNV og HES sjá um haustfund heilbrigðiseftirlitssvæðanna sem haldinn verður á Stór-Reykjavíkursvæðinu næsta haust.

c) Aðalfundur Fenúr var 5 júní s.l. í Reykjavík, þar sem rætt var vítt og breytt um tilhögun sorphirðu og erfiðleika sem sorphirðufólk lenda í.

d) Hreinsunaráttak í Fjallabyggð er enn í gangi. Lögfræðingi var sent erindi um í hverju hugtaki að taka í vörslu þýðir. Niðurstaðan er að hlutur telst vera til vörslu á meðan hann stendur á svæði sem er á forsvari sveitarfélagsins.

e) Skagafjörður: Hreinsunaráttak er í Skagafirði þar sem áhersla er lögð á tiltekt Hesthúsahverfi, Samþykkt um hesthús og umgengni í hesthúsahverfinu á Sauðárkróki.

*Heilbrigðisnefnd samþykkir Samþykkt um hesthús og umgengni í hesthúsahverfinu á Sauðárkróki sem framkvæmdastjóri kynnti og mun leggja fyrir sveitarstjóra Skagafjarðar til samþykis.*

Sveitarstjóri mun þá senda samþykktina til Ráðherra umhverfismála til umsagnar. Samþykktin verður að lokum send til auglýsingar í Stjórnartíðindum skv. 3. gr. laga nr.15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað

Tilkynning um breytingu á geymslusvæði Skagafjarðar á Hofsósi þar sem:

*Eigendur eru beðnir um að fjarlægja alla lausamuni á svæðinu, sem ekki eru í gámum, innan mánaðar frá dagsetningu þessarar tilkynningar. Þeir sem hyggjast nýta svæðið áfram þurfa að tryggja að allar þeirra eigur séu geymdar í geymslugámi og undirrita nýjan leigusamning við sveitarfélagið.*

f) Framkvæmdastjóri sendi erindi til lögfræðings lögreglunnar vegna upphirðu bíla m.t.t ábyrgðar, þegar næst ekki í eigendur og um greiðslu kostnaðar en svar hefur ekki enn borist.

g) Verið er að vinna umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra vegna breytingar á reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti, mál nr. S-98/2025 í Samráðsgátt. Breytingar nú varða einkum námskeið fyrir þá sem stunda húðrof. Jafnframt er lagt til að sett verði inn ákvæði sem kveður á um að breyting á rekstraraðila starfsleyfis að rekstri sem heyrir undir reglugerðina krefjist ekki auglýsingar.

3. Undanþágur frá 18. aldurstakmarki til að afgreiða tóbak

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra hefur undanfarin ár samþykkt beiðnir um undanþágu frá 18. ára aldurstakmarki til þess að afgreiða tóbak. Beiðnir um undanþágur hafa verið að fækka en jafnframt hefur aldur þeirra sem beðið er um undanþágur fyrir verðið að lækka og farið allt niður í 15 ár. Því hefur heilbrigðisnefnd tekið ákvörðun um breyttar áherslur varðandi undanþágur fyrir afgreiðslu tóbaks. Með eftirfarandi bókun:

*„Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra mælir ekki með því að ungmennum undir 18 ára aldri sé falin sú ábyrgð að afgreiða tóbak og þau sett í þá aðstöðu að þurfa að neita jafnöldrum og jafnvel eldri ungmennum um afgreiðslu tóbaks. Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra synjar því öllu jafna þeim erindum sem borist hafa, sem og öðrum sem kunna að berast þess efnis“.*

Við bendum á að það var gerð breyting á reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga með reglugerð nr. 454/2016 þar sem m.a kemur fram í 13. gr. að í söluturnum og bensínstöðvum megi ekki ráða ungmenni til starfa nema þau vinni með fullorðnum eða þeim sem hafa náð 18. ára aldri.

13. gr.

Önnur sérstök hættu.

*“Ekki má ráða ungmenni til vinnu þar sem líkamlegum eða andlegum þroska þeirra er sérstök hættu búin nema þau starfi með fullorðnum eða þeim sem náð hefur 18 ára aldri. Þetta á sérstaklega við um störf í söluturnum, myndbandaleigum, skyndibitastöðum, bensínstöðvum og á sambærilegum stöðum. Við áhættumat skv. 5. gr. reglugerðar þessarar á vinnuáðstæðum skv. þessari málsgrein skal einkum leggja mat á hvort vinnustaðurinn er öruggur með vísan til legu hans, innréttinga og öryggisráðstafana sem gerðar eru. Um vinnu unglunga á slíkum stöðum við kvöld- og næturvinnu gildir 4. mgr. 19. gr.”*

4. Ígrundun stjórnsýsluákvörðunar.

Hreinsun á leifum húsarústum að Aðalgötu 6.b Siglufirði stendur enn yfir, starfsleyfið gildir til 11. júlí n.k. Heilbrigðisnefnd ítrekar ákvörðun sína frá heilbrigðisnefndarfundi þann 25. febrúar s.l. að ef ekki verður búið að hreinsa húsarústir skv. gildandi starfsleyfi þann 11. júlí n.k. muni sveitarfélaginu Fjallabyggð verða fyrirskipað að hreinsa svæðið á kostnað eiganda, til verndar almannaeilla.

5. Önnur mál

Túlkun heilbrigðisnefndar, sjá fundargerð frá 25. júní 2025, eftir samtali við lögfræðing Heilbrigðiseftirlitsins á ”vörslu hluta í einni mánuð” gildir fyrir vörslu hluta á landareign þeirra sem við á, t.d. sveitarfélaga.

*Þannig að starfsmenn sveitarfélaga fylgist með í sínu starfi eftir því sem við á, þeim hlutum sem búið er að tilkynna um stjórnvaldsákvörðun um að verði fjarlægðir, á þeim stað sem þeir standa, þegar límdur var upplýsingamiði um stjórnvaldsákvörðunina. Þetta gildir þó aðeins um verðminni hluti (úrgang), ekki bifreiðar sem dæmi.*

*Skv. reglugerð 903/2024 um hollustuhætti og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, auk laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.*

Næsti fundur heilbrigðisnefndar er áætlaður miðvikudaginn 27. ágúst 2025 kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 13.00